

Borgarráð

Ábyrgð sviðsstjóra á innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar

Lagt er til að samþykkt verði að fela sviðsstjórum að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hver á sínu sviði vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023.

Greinargerð

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hefur gert að tillögu sinni í umfjöllun um 9 mánaða uppgjör Reykjavíkurborgar 2017 að færa ábyrgð á innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar frá stýrihópnum til sviðsstjóra í þeim tilgangi að hraða þessari innleiðingu sem staðið hefur frá árinu 2011. Í umfjöllun stýrihópsins kemur fram að innleiðingin hefur gengið hægt fyrir sig og nauðsynlegt er að finna leiðir til þess að efla hana og í því sambandi er það mat stýrihópsins að stuðningur sviðsstjóra við þetta verkefni geti skipt sköpum. Stýrihópurinn leggur til að skipað verði teymi á hverju sviði sem hafi umsjón með innleiðingu verkefnisins. Í því felst einkum að gera tillögur um greiningar þjónustubátta á sviðinu, öflun og varsla kyngreindra gagna, skipi undirhópa um einstök rýningarverkefni og hafi eftirlit með framkvæmd á jafnréttismötum á sviðinu. Stýrihópurinn og verkefnisstjóri munu áfram styðja við innleiðinguna og vera til ráðgjafar um framkvæmd hennar.

Gert er ráð fyrir að fagraðin hafi eftirlit með þessari vinnu.

Hér að neðan fylgja ábendingar stýrihópsins í heild sinni:

„Stýrihópur KFS telur brýnt í ljósi stöðunnar á innleiðingu kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg að gera eftirfarandi breytingar á verklaginu til þess að verkefnið fái þá stöðu og forgang sem það þarf til að skila árangri:

1. Ábyrgð á innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar verði færð til sviðsstjóra á hverju sviði. Skipað verði teymi á hverju sviði sem hefur umsjón með greiningum þjónustubátta á sviðinu og styður við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Teymið njóti stuðnings stýrihóps KFS og verkefnastýru. Fagraðum verði falið eftirlit með framgangi innleiðingu KFS á hverju sviði.
2. Stýrihópi KFS verði falið það verkefni að gera borgarráði grein fyrir framgangi innleiðingar KFS á sviðum borgarinnar með árshluta- og ársuppgjörum með ábendingum um nauðsynlegar aðgerðir til að verkefnið nái markmiðum sínum.
3. Stýrihópur KFS beri ábyrgð á að innleiða verkferla sem styðja við framkvæmdina á jafnréttismati og jafnréttisskimun á öllum sviðum, bæði vegna ákvarðana um rekstrar- og fjárfestingaútgjöld. Fylgt verði þeirri reglu að borgarráð afgreiði ekki tillögur um útgjöld nema að fyrir liggi jafnréttismat eða eftir atvikum aðeins jafnréttisskimun og umsögn

stýrihóps KFS. Þess má geta að stýrihópur KFS og SEA hafa lokið vinnu við endurskoðun á verklagi við gerð fjárfestingaáætlunar þar sem sviðum ber að leggja fram rökstuðning og niðurstöður jafnréttisskimunar með tillögum sínum. Mikilvægt er að því verklagi sé fylgt eftir. Þá gera reglur um fjárhagsáætlun ráð fyrir að tillögum um auknar fjárheimildir til sviða (þ.e. viðaukum) fylgi jafnréttismat og umsögn stýrihóps KFS.

4. Setja verður skýr markmið um áframhald innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg. Setja aðgerðaáætlun og fjármuni sem tryggja framgang verkefnisins.
5. Setja verður áætlun um fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg varðandi kyngreind gögn og gagnastefna borgarinnar verði þar að leiðarljósi.
6. Telji fagsvið ekki viðeigandi að greina þjónustubátt út frá aðferðafræði KFS, er gerð krafa um að sviðið leggi fram rökstudda greinargerð máli sínu til stuðnings. Greinargerðin verði lögð fram í stýrihópi KFS sem þarf að samþykkja slíka beiðni um undanþágu.“

Dagur B. Eggertsson